

Reykjavík, 19. nóvember 1997

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp rafræna eignarskráningu verðbréfa (149. mál).

Vísað er til bréfs yðar frá 7. nóvember 1997, þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka verðbréfafyrirtækja (SV) um frumvarp til laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa (149. mál). Samtökin lýsa yfir eindregnum stuðningi við þetta mál og hvetja til þess að frumvarpið verði afgreitt sem fyrst sem lög frá Alþingi.

Öll aðildarfyrirtæki SV taka ásamt bönkum, sparisjóðum, ríkissjóði, lífeyrisjóðum og hlutafélögum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands þátt í undirbúningsfélagi um stofnun verðbréfamiðstöðvar, Verðbréfaskráningar Íslands hf. Stjórn undirbúningsfélagsins fjallaði ítarlega um frumvarpið og hefur þegar sent efnahags- og viðskiptanefnd umsögn sína. Samtök verðbréfafyrirtækja taka undir þau sjónarmið sem fram koma í þeirri umsögn.

Virðingarfyllst,



Sigurður B. Stefánsson,  
formaður